



Viðar grunnvörn

Vörunr. 2415

Lýsing

Viðar grunnvörn (2415) er öflug grunnviðarvörn sem inniheldur sérhannaðar olíur sem ná að smjúga langt inn í viðinn og verja hann gegn upptöku á raka. Viðar grunnvörn inniheldur einnig efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun. Eftir mettun viðarins með grunnvörninni er því komið í veg fyrir rakaupptöku viðarins og skilyrði til fúamýndunar.

Notkun

Viðar grunnvörn (2415) er ætluð til notkunar utanhúss til mettunar á nýjum og ómáluðum viði fyrir málun með grunnmálningu, hálfþekjandi eða þekjandi viðarvörn.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Litlaust	Þynnir: Terpentína
Pakkningar: 1, 4, 10 og 20 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 4-6 m ² /l	Þurrktími: 24 klst.
Eðlisþyngd: 0,8 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 24 klst.
Purrefni: 12 % (rúmmál)	Hámark: Ekkert

Undirmálning

Viðar grunnvörn (2415) er ætluð beint á ómálaðan við.

Yfirmálning

Viðar grunnmálning (2420), Viðar hálfþekjandi (2425), Viðar þekjandi (2430) eða Hjörvi 15.

Áhöld

Mjúkur pensill eða málningarsprauta.

Vinnutilhögun


Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrífa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrífa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Viðurinn skal vera hreinn, þurr og ómálaður. Berið **Viðar grunnvörn** (2415) blautt í blautt og leyfið viðnum að drekka í sig grunnvörnina. Þurrkið síðan með klút eftir eina klst. Á viðarflötum sem vatn mæðir mikið á, s.s. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta viðinn sérstaklega vel með **Viðari grunnvörn** (2415). Málið síðan 1-2 umferðir með hentugri yfirmálningu.

Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Ætíð skal mála yfir **Viðar grunnvörn** (2415).
- Hjörvi má ekki fara beint á Viðar grunnvörn.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Varist snertingu við húð og augu. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.